

Reglur um sérstakan húsnæðisstuðning í Húnaþingi vestra

Settar með stoð í 45. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum, og öðrum viðeigandi ákvæðum laga.

1. gr. Markmið

Markmið reglna þessara er að stuðla að húsnæðisöryggi íbúa Húnaþings vestra og lækka greiðslubyrði vegna húsnæðiskostnaðar hjá þeim sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði eða búa við íþyngjandi húsnæðiskostnað vegna lágra tekna, þungrar framfærslubyrði og/eða félagslegra aðstæðna.

Stuðningur samkvæmt reglunum skal veittur á grundvelli heildarmats á aðstæðum umsækjanda og eftir atvikum í samhengi við félagslega ráðgjöf og aðra aðstoð félagsþjónustu sveitarfélagsins.

2. gr. Lagagrundvöllur og gildissvið

Reglur þessar byggjast einkum á 45. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, lögum nr. 75/2016 um húsnæðisbætur og leiðbeinandi reglum ráðherra um framkvæmd sérstaks húsnæðisstuðnings.

- sérstaks húsnæðisstuðnings til leigjenda,
- sérstaks húsnæðisstuðnings vegna 15–17 ára barna sem leigja herbergi á heimavist eða námsgörðum vegna náms fjarri lögheimili,
- stuðnings vegna námsmanna 18–20 ára í sérstökum tilvikum, og
- lána vegna fyrirframgreiðslu húsaleigu og/eða tryggingar.

3. gr. Skilgreiningar

Sérstakur húsnæðisstuðningur er fjárstuðningur til greiðslu á húsaleigu til viðbótar húsnæðisbótum sem veittar eru á grundvelli laga um húsnæðisbætur.

Húsnæðiskostnaður samkvæmt reglum þessum er sá hluti fjárhæðar sem greiddur er samkvæmt samningi um leiguafnot af íbúðarhúsnæði. Greiðslur fyrir hita, rafmagn, vatn, hússjóð, viðhald eða annan rekstrarkostnað teljast ekki til húsnæðiskostnaðar.

Heimilismaður merkir þann sem skráður er með lögheimili á sama stað og umsækjandi eða telst aðili að heimili við mat á tekjum og eignum samkvæmt reglum þessum.

4. gr. Samspil við önnur stuðningsform

Sérstakur húsnæðisstuðningur kemur að jafnaði til viðbótar húsnæðisbótum samkvæmt lögum nr. 75/2016 um húsnæðisbætur.

Við mat á stuðningi skal einnig taka tillit til annarra stuðningsforma, svo sem fjárhagsaðstoðar til framfærslu, félagslegrar ráðgjafar, húsnæðisúrræða og annarrar aðstoðar sem umsækjandi nýtur eða á rétt til.

5. gr. Skilyrði fyrir því að umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning verði tekin til meðferðar

Að jafnaði þarf umsækjandi að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- að hafa fengið samþykktu umsókn um húsnæðisbætur eða veita félagsþjónustu heimild til að afla upplýsinga um slíka umsókn,
- að vera orðinn 18 ára á umsóknardegi og eiga lögheimili í Húnaþingi vestra,
- að fyrir liggi samningur eða tilboð um samning um afnot af íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu, nema sérstakar aðstæður réttlæti undanþágu,
- að félagsleg staða umsækjanda og fjölskyldu hans hafi verið metin samkvæmt 6. gr., og
- að eignir umsækjanda og annarra heimilismanna 18 ára og eldri séu innan viðmiða 8. gr., nema undanþága sé veitt á grundvelli 9. gr.

Ekki er heimilt að setja lágmarkslengd búsetu í sveitarfélaginu sem skilyrði fyrir afgreiðslu umsóknar.

6. gr. Mat á félagslegum aðstæðum

Mat á félagslegum aðstæðum fer fram á grundvelli skráðra matsviðmiða í fylgiskjali 1. Að jafnaði þarf umsækjandi að ná að lágmarki 6 stigum til að koma til greina til sérstaks húsnæðisstuðnings.

Við matið skal meðal annars líta til stöðu umsækjanda, húsnæðisstöðu, framfærslubyrði, heilsufars, félagslegs vanda og stuðnings sem viðkomandi hefur fengið frá félagsþjónustu á undanförunum mánuðum.

7. gr. Viðmiðunarfjárhæðir vegna mats á tekjum

Tekjur undir neðri tekjumörkum skerða ekki rétt til sérstaks húsnæðisstuðnings. Stuðningur skerðist hlutfallslega á bilinu frá neðri tekjumörkum upp að efri tekjumörkum og fellur niður við efri tekjumörk, nema undanþága sé veitt samkvæmt 9. gr.

Fjöldi heimilismanna	Neðri tekjumörk á ári	Efri tekjumörk á ári	Neðri tekjumörk á mánuði	Efri tekjumörk á mánuði
1	5.835.974 kr.	7.294.969 kr.	486.332 kr.	607.914 kr.
2	7.761.846 kr.	9.702.309 kr.	646.821 kr.	808.527 kr.
3	9.045.760 kr.	11.307.201 kr.	753.815 kr.	942.267 kr.
4	9.804.436 kr.	12.255.545 kr.	817.037 kr.	1.021.296 kr.
5	10.621.473 kr.	13.276.842 kr.	885.124 kr.	1.106.404 kr.
6 eða fleiri	11.438.509 kr.	14.298.137 kr.	953.209 kr.	1.191.512 kr.

Fjárhæðir samkvæmt þessari grein skulu endurskoðaðar árlega með hliðsjón af uppfærðum leiðbeiningum ráðherra og öðrum viðeigandi viðmiðum.

8. gr. Viðmiðunarfjárhæð vegna mats á eignum

Samanlagðar eignir umsækjanda og annarra heimilismanna 18 ára og eldri skulu að jafnaði ekki nema hærri fjárhæð en 13.900.000 kr. í lok næstliðins árs.

9. gr. Undanþágur og heildarmat

Heimilt er að víkja frá skilyrðum 5.–8. gr. þegar fyrir liggur faglegt mat um óvenju þunga framfærslubyrði, verulega félagslega erfiðleika eða aðrar sérstakar aðstæður sem leiða til þess að umsækjandi geti ekki tryggt sér viðunandi húsnæði án stuðnings.

Undanþágubeiðni skal vera skrifleg og rökstudd. Félagsmálaráð Húnaþings vestra tekur ákvörðun um undanþágur.

10. gr. Fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings

Sérstakur húsnæðisstuðningur er reiknaður þannig að fyrir hverjar 1.000 kr. sem umsækjandi fær í húsnæðisbætur samkvæmt gildri ákvörðun um húsnæðisbætur fær hann að jafnaði 900 kr. í sérstakan húsnæðisstuðning, að uppfylltum öðrum skilyrðum reglna þessara.

Samanlögð fjárhæð húsnæðisbóta og sérstaks húsnæðisstuðnings má þó aldrei fara yfir 75% af viðurkenndum húsnæðiskostnaði samkvæmt leigusamningi. Samanlögð uppæði húsnæðisbóta og sérstaks húsnæðisstuðnings getur ekki verið hærri en 120.000kr. Umsækjandi skal ávallt bera amk. 60.000kr greiðsubyrði af leigu.

Sveitarfélagið getur endurskoðað fjárhæðir samkvæmt þessari grein árlega eða oftár ef verulegar breytingar verða á reglum eða grunnfjárhæðum húsnæðisbóta.

11. gr. Sérstakur húsnæðisstuðningur vegna 15–17 ára barna

Foreldrar eða forsjáraðilar 15–17 ára barna sem leigja herbergi á heimavist eða námsgörðum hér á landi vegna náms fjarri lögheimili eiga rétt á sérstökum húsnæðisstuðningi samkvæmt þessari grein.

Stuðningurinn er óháður tekjum og eignum foreldra eða forsjármanna. Stuðningurinn skal nema helmingi leigu, hámark er 26.000 kr. og hlutur foreldrar að minnsta kosti 13.000 kr.

Með umsókn skal leggja fram húsaleigusamning og staðfestingu á námi barns. Ákvæði 5.–9. gr. reglna þessara gilda ekki um stuðning samkvæmt þessari grein.

12. gr. Stuðningur vegna námsmanna 18–20 ára

Heimilt er að veita námsmönnum á framhaldsskólastigi, 18–20 ára, sem eiga lögheimili í Húnaþingi vestra og leigja stakt herbergi vegna náms, sérstakan stuðning þegar umsókn um vist á heimavist eða námsgörðum við viðkomandi skóla hefur verið hafnað.

Skilyrði er að fyrir liggi leigusamningur, staðfesting skóla á námi og staðfesting á að umsókn um vist á námsgörðum hafi verið hafnað. Stuðningurinn er óháður tekjum og eignum foreldra eða forsjármanna. Stuðningurinn skal nema helmingi leigu, hámark er 26.000 kr. og hlutur foreldrar að minnsta kosti 13.000 kr.

Með umsókn skal leggja fram húsaleigusamning og staðfestingu á námi barns. Ákvæði 5.–9. gr. reglna þessara gilda ekki um stuðning samkvæmt þessari grein.

13. gr. Lán vegna fyrirframgreiðslu húsaleigu og/eða tryggingar

Heimilt er að veita einstaklingum og fjölskyldum sem búa við langvarandi félagslega erfiðleika lán vegna fyrirframgreiðslu húsaleigu og/eða tryggingar þegar önnur úrræði, svo sem fyrirgreiðsla fjármálastofnunar, standa ekki til boða.

Skilyrði fyrir lánveitingu er að umsækjandi sé orðinn 18 ára, eigi lögheimili í Húnaþingi vestra, sýni fram á þörf fyrir úrræðið og geri samning um endurgreiðslu lánsins. Hámarksupphæð skal að jafnaði samsvara allt að þriggja mánaða húsaleigu miðað við almennt leiguverð í sveitarfélaginu.

14. gr. Umsóknir og fylgigögn

Umsóknir um stuðning samkvæmt reglum þessum skulu berast fjölskyldusviði Húnaþings vestra, að jafnaði í gegnum íbúagátt sveitarfélagsins.

Í umsókn skal eftir atvikum koma fram að umsækjandi og aðrir heimilismenn, 18 ára og eldri, veiti félagsþjónustu sveitarfélagsins heimild til að afla nauðsynlegra upplýsinga frá opinberum aðilum, svo sem Vinnumálastofnun, skattyfirvöldum, Þjóðskrá Íslands, sýslumönnum, menntastofnunum og leigusölum, að því marki sem það er nauðsynlegt við meðferð máls.

Með umsókn skulu fylgja þau gögn sem nauðsynleg eru til að unnt sé að leggja mat á rétt umsækjanda, svo sem leigusamningur, afrit af ákvörðun um húsnæðisbætur, staðfesting á námi, staðfesting á tekjum og eignum og önnur gögn sem fjölskyldusvið telur þörf á.

15. gr. Málsmeðferð og ákvörðun

Fjölskyldusvið Húnaþings vestra annast móttöku umsókna, gagnaöflun og undirbúning ákvarðana. Við meðferð máls skal hafa samvinnu við umsækjanda, leiðbeina honum um réttindi hans og tryggja að hann hafi aðgang að málsgögnum eftir því sem lög heimila.

Ákvörðun skal birt umsækjanda skriflega. Ef umsókn er synjað eða hún samþykkt að hluta skal ákvörðun rökstudd með skýrum hætti og umsækjanda leiðbeint um rétt hans til endurupptöku máls, kæru og málskots til úrskurðarnefndar velferðarmála.

Umsækjandi getur borið ákvörðun undir félagsmálaráð innan fjögurra vikna frá því honum var tilkynnt um hana, nema sveitarstjórn hafi ákveðið annan innri kærufarveg. Eftir það er heimilt að kæra endanlega stjórnvaldsákvörðun til úrskurðarnefndar velferðarmála innan þriggja mánaða.

16. gr. Endurnýjun umsókna

Umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning gildir að jafnaði út almanaksárið nema annað leiði af ákvörðun í máli. Við áframhaldandi stuðning skal umsækjandi endurnýja umsókn sína og leggja fram uppfærð gögn.

Umsókn um stuðning samkvæmt 11. gr. gildir samkvæmt leigusamningi og staðfestingu skóla fyrir hverja önn eða þar til barn verður 18 ára. Umsókn um stuðning samkvæmt 12. gr. gildir að jafnaði út önnina.

17. gr. Breytingar á aðstæðum, leiðréttingar og endurskoðun

Umsækjandi skal tafarlaust upplýsa fjölskyldusvið um breytingar á tekjum, eignum, búsetu, heimilishögum eða öðrum aðstæðum sem geta haft áhrif á rétt til stuðnings eða fjárhæð hans.

Hafi stuðningur verið ofgreiddur ber umsækjanda að endurgreiða ofgreidda fjárhæð. Hafi stuðningur verið vangreiddur skal sveitarfélagið leiðrétta ákvörðun og greiða vangreidda fjárhæð.

Rétt til stuðnings og fjárhæð hans má endurskoða hvenær sem er ef breytingar verða á aðstæðum umsækjanda eða annarra heimilismanna.

18. gr. Rangar eða villandi upplýsingar

Stuðningur sem veittur er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hálfu umsækjanda er endurkræfur eftir sömu meginreglum og gilda um fjárhagsaðstoð samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Ef sannreynt er við meðferð máls að upplýsingar séu rangar eða villandi getur afgreiðsla umsóknar stöðvast tímabundið á meðan umsækjanda er gefið færi á að leiðrétta eða bæta úr annmörkum.

19. gr. Auglýsing, endurskoðun reglna og gildistaka

Auglýsa skal reglur þessar og helstu efni þeirra með aðgengilegum hætti. Umsókn um stuðning samkvæmt reglunum má þó ávallt leggja fram, þótt ekki hafi verið auglýst sérstaklega eftir umsóknum.

Reglur þessar skulu endurskoðaðar eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti og birtar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni samþykkt sveitarstjórnar.

Reglur þessar taka gildi 1. júlí 2026 og falla þá úr gildi eldri reglur Húnaþings vestra um sérstakan húsnæðisstuðning og önnur sambærileg ákvæði að því marki sem þau stangast á við reglur þessar.

Samþykkt á 267. fundi félagsmálaráðs 25. mars 2026.

Samþykkt á 402. fundi sveitarstjórnar 9. apríl 2026.

Fylgiskjal 1. Matsviðmið fyrir sérstakan húsnæðisstuðning

Viðmið þessi eru leiðbeinandi við mat samkvæmt 6. gr. Að jafnaði þarf umsækjandi að ná 6 stigum eða meira til að koma til frekara mats um stuðning.

Atriði	Lýsing	Stig
Staða umsækjanda	Staða umsækjanda er önnur en getið er hér að neðan	0
	Örorkulífeyrisþegi	2
	Ellilífeyrisþegi	2
	Framfærsla hjá sveitarfélagi vegna langvarandi atvinnuleysis eða óvinnufærni	2
Húsnæðisstaða	Er með húsnæði. Húsaleiga er minna en 20% af heildartekjum heimilisins	0
	Er með húsnæði. Húsnæðiskostnaður er íþyngjandi, húsaleiga er meira en 20% af heildartekjum heimilisins	1
	Er með húsnæði. Húsnæðiskostnaður er verulega íþyngjandi, húsaleiga er meira en 30% af heildartekjum heimilisins	2
	Óöruggt húsnæði, þ.e. gistir hjá vinum og/eða ættingjum	2
	Gistir í neyðarathvarfi eða á gistiheimili	4
	Heilsuspillandi eða sannanlega óíbúðarhæft húsnæði og veruleg vandkvæði við að finna nýtt húsnæði	4
Félagslegar aðstæður	Aðstæður umsækjanda eru betri en getið er hér að neðan	0
	Umsækjandi glímir við félagslegan vanda og hefur fengið umfangsmikinn stuðning félagsþjónustu, annan en fjárhagslegan, á undanförunum 12 mánuðum	2
	Málefni barns hefur verið í umfangsmikilli vinnslu félagsþjónustu á undanförunum 24 mánuðum þar sem barnið hefur fengið aðstoð á grundvelli skóla- og félagsþjónustu eða mál þess verið til meðferðar hjá barnavernd	4
	Umsækjandi glímir við fjölþættan vanda og hefur fengið umfangsmikinn stuðning þjónustumiðstöðvar, annan en fjárhagslegan, í að lágmarki 24 mánuði	4
	Umsækjandi glímir við alvarleg langvinn veikindi sem hafa veruleg áhrif á fjárhags- og húsnæðisstöðu samkvæmt faglegu mati félagsráðgjafa	4